


Biðlistar eftir völdum aðgerðum í október 2017

Prisvar sinnum á ári kallar Embætti landlæknis eftir upplýsingum um fjölda á biðlistum eftir ákveðnum aðgerðum. Er það í samræmi við [lögbundið](#) eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Upplýsingar eru sendar frá stöðum þar sem þessar tilteknu aðgerðir eru gerðar.


Greinargerðin miðast við stöðu á biðlistum um mánaðamótin september/október 2017. Þá er einnig tiltekinn fjöldi framkvæmdra aðgerða á síðustu 12 mánuðum, þ.e. frá 1.10.2016 til 30.9.2017. [Viðmiðunarmörk](#) Embættis landlæknis um ásættanlegan biðtíma eftir aðgerð eru 90 dagar eða 3 mánuðir. Þess vegna er greint sérstaklega hve margir hafa beðið lengur en sem því nemur.

Í mars 2016 var [auknu fjármagni veitt í ákveðnar aðgerðir](#) til að stytta biðlista. Þetta skipulagða átak er til þriggja ára og miðar að því að stytta bið eftir liðskiptaaðgerðum, hjartaþræðingum og augasteinsaðgerðum. Átakið er u.þ.b. hálfnað og sést jákvæð þróun í bið eftir augasteinsaðgerðum og liðskiptaaðgerðum, þótt enn þurfi að stytta biðtíma verulega. Nú í október höfðu 59% þeirra sem voru á biðlista eftir skurðaáðgerð á augasteini hjá þeim stöðum sem taka þátt í áttakinu beðið lengur en í 3 mánuði en fyrir einu ári var hlutfallið 77% (sjá nánar í kafla 1). Af þeim sem nú voru á biðlista eftir liðskiptaaðgerð á hné á þeim stöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu höfðu 70% beðið lengur en í 3 mánuði og 59% þeirra sem biðu eftir liðskiptum á mjöðm. Fyrir ári var hlutfallið 79% meðal þeirra sem biðu eftir aðgerð á hné og 73% meðal þeirra sem biðu eftir aðgerð á mjöðm (sjá nánar í kafla 3). Ástandið hefur því skánað þótt biðtími sé enn talsvert fjarri viðmiðum um ásættanlegan biðtíma. Það er afar mikilvægt að halda áfram að vinna að styttingu biðlista, enda bíða margir lengi eftir að komast í slíka aðgerð. Fækkað hefur á biðlista eftir hjartaþræðingu/kransæðavíkkun, nú bíða 175 en fyrir ári biðu 245. Hlutfall þeirra sem höfðu beðið lengur en í 3 mánuði er hins vegar 41% en var 34% fyrir ári.



Mynd A. Aðgerðirnar sem eru tilgreindar á myndinni eru hluti af biðlistaátakinu. Myndin sýnir hlutfall fólks sem hafði verið á biðlista skemur en í 3 mánuði á þeim aðgerðastöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu. Punktalínan sýnir viðmiðunarmörk sem gilda víða erlendis um að 80% eigi að komast í aðgerð innan þriggja mánaða.

Á heildina litið hefur orðið jákvæð þróun síðan biðlistaátakið hófst (mynd A). Þeir biðlistar sem hafa verið lengstir, þ.e. eftir skurðaðgerð á augasteini og liðskiptaaðgerð, hafa styst. Þrátt fyrir það er enn töluvert langt í land með að ná því viðmiði að ásættanlegt sé að 80% sjúklinga komist í aðgerð innan þriggja mánaða frá greiningu. Þá er áhyggjuefni að hlutfall þeirra sem hafa beðið skemur en í 3 mánuði eftir hjartaþræðingu/kransæðavíkkun hefur lækkað.



Mynd B. Myndin sýnir hlutfall fólks sem var á biðlista eftir völdum aðgerðum og hafði verið á biðlistanum skemur en í 3 mánuði. Punktalínan sýnir viðmiðunarmörk sem gilda víða erlendis um að 80% eigi að komast í aðgerð innan þriggja mánaða. Aðgerðirnar sem eru tilgreindar á myndinni eru *ekki* hluti af biðlistaátakinu.

Mynd B er sams konar og mynd A, en sýnir biðlista eftir öðrum aðgerðum en þeim sem biðlistaátakið nær til. Ekkert bendir til þess að biðlistaátakið hafi haft neikvæð áhrif á þróun þeirra aðgerða. Biðtími eftir öllum þessum aðgerðum er töluvert frá viðmiðum um ásættanlegan biðtíma.

Tímabil biðlistaáttaksins er nú rúmlega hálfnað og hefur það skilað umtalsverðum árangri í þeim aðgerðaflokkum sem það nær til. Brýnt er að halda til streitu áttakinu í þrjú ár eins og upphaflega var gert ráð fyrir og halda áfram svipuðum fjölda aðgerða ef biðlistar eiga ekki að myndast að nýju.

Embætti landlæknis mun halda áfram að fylgjast með biðlistaáttakinu.


Leifur Bárðarson sviðsstjóri sviðs eftirlits og gæða

Laura Sch. Thorsteinsson staðgengill sviðsstjóra sviðs eftirlits og gæða

Agnes Gísladóttir verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði

1. Skurðaðgerðir á augasteinum


Í umfjöllun um skurðaðgerðir á augasteinum er átt við fjölda aðgerða, ekki einstaklinga. Einstaklingur sem bíður eftir aðgerð á báðum augasteinum er því tvisvar á biðlista.



Frá 1.10.2015 til 30.9.2016 voru gerðar 3.124 skurðaðgerðir á augasteinum en frá 1.10.2016 til 30.9.2017 voru þær 5.148. Aðgerðunum fjölgaði því um 65% þegar horft er til allra þeirra aðgerðastaða sem tilgreindir eru á mynd 1.1.


Mynd 1.1. Fjöldi skurðaðgerða á augasteinum

Augnlæknastofan Sjónlag tekur þátt í biðlistaátakinu ásamt Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Á eftirfarandi myndum er fjallað um biðlista á þessum aðgerðastöðum.




Í október 2015 var beðið eftir 2.811 aðgerðum en 1.213 í október 2017, sem jafngildir fækkun um 57%.

Mynd 1.2. Heildarfjöldi á biðlista



Mynd 1.3a. Hlutfall sem hafði verið á biðlista lengur en í 3 mánuði á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri eða hjá Sjónlagi

Fyrir tveimur árum hafði í 89% tilvika verið beðið eftir aðgerð á augasteini lengur en í 12 mánuði. Nú er hlutfallið komið niður í 59%, þ.e. þriðjungji lægra.




Mynd 1.3b. Hlutfall sem hafði verið á biðlista lengur en í 3 mánuði á Landspítala

Ef skoðuð er þróun á biðtíma á Landspítala má sjá að í október 2015 höfðu 77% beðið lengur en í 3 mánuði og ári síðar var hlutfallið 87%. Gríðarlegur viðsnúningur hefur orðið síðan þá og í október 2017 var hlutfallið komið niður í 39%. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum var 36 vikur nú en 67 vikur fyrir ári. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni var miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á síðustu 6 mánuðum 23 vikur.


Ef fram heldur sem horfir má vænta þess að biðtími verði ásættanlegur innan tíðar, þ.e. að 80% komist í aðgerð innan þriggja mánaða.

2. Hjartapræðingar og kransæðavíkkunar

Frá 1.10.2015 til 30.9.2016 voru gerðar 1.794 hjartapræðingar og kransæðavíkkunar á Landspítala. Þær voru 1.853 frá 1.10.2016 til 30.9.2017.




Mynd 2.1. Fjöldi aðgerða



Í október 2017 voru 175 á biðlista eftir hjartapræðingu/kransæðamyndatöku, 29% færri en fyrir ári, þegar 245 biðu.

Mynd 2.2. Heildarfjöldi á biðlista




Mynd 2.3. Hlutfall sem hafði verið á biðlista lengur en í 3 mánuði

Þótt fækkað hafi á biðlista hefur hlutfall þeirra sem höfðu beðið lengur en í 3 mánuði farið vaxandi að undanförunu. Nú höfðu 72 einstaklingar eða 41% beðið svo lengi. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala var miðgildi biðtíma 13 vikur, bæði hjá þeim sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum og þegar biðtími hjá þeim sem fóru í aðgerð á síðustu 6 mánuðum var skoðaður sérstaklega. Vel er fylgst með þeim sem bíða þannig að þeir sem metnir eru í bráðri þörf komast strax að samkvæmt upplýsingum frá spítalanum.

3. Liðskiptaaðgerðir

Hné




Ef skoðuð eru tvö 12 mánaða tímabil má sjá að liðskiptaaðgerðum á hnám fjölgaði úr 609 í 773, eða um 27%. Á Landspítala fjölgaði aðgerðum um 24% en á Sjúkrahúsinu á Akureyri fjölgaði aðgerðum um 30% á milli tímabila. Í tölum um fjölda aðgerða eru bráðaaðgerðir taldar með en þeir sem fóru í bráðaaðgerð eru ekki taldir með á biðlistum.

Mynd 3.1. Fjöldi aðgerða


Klíníkin, Ármúla, sendi nú í fyrsta skipti upplýsingar um aðgerðir. Þar voru gerðar 20 liðskiptaaðgerðir á hnám á síðustu 12 mánuðum og miðgildi biðtíma var um 3 vikur.

Á eftirfarandi myndum er fjallað um biðlista á þeim þremur aðgerðastöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu, þ.e. Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.



Mynd 3.2. Heildarfjöldi á biðlista


Í október 2017 biðu 714 eftir liðskiptaaðgerð á hné en á sama tíma í fyrra var fjöldinn 804. Fækkun nemur því 11%. Eins og sjá má á mynd 3.2. eru nú fleiri á biðlista en í síðustu innköllun, en 632 biðu í júní sl.



Mynd 3.3. Fjöldi sem hefur beðið lengur en í 3 mánuði eftir liðskiptum á hné


Þegar skoðað er hversu margir höfðu beðið lengur en í 3 mánuði eftir liðskiptum á hné sést að fjöldinn var mestur í febrúar 2016 en þá höfðu 750 verið lengur en í 3 mánuði á biðlista. Í október 2017 hafði 491 beðið lengur en í 3 mánuði.

Í febrúar 2016 höfðu 372 eða 43% þeirra sem voru á biðlista eftir liðskiptaaðgerð á hné á þeim stöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu beðið lengur en í 12 mánuði. Í október 2017 var fjöldi þeirra sem hafði beðið svo lengi kominn niður í 73, eða 10% þeirra sem voru á biðlista. Þróunin er jákvæð en það er áhyggjuefni að enn hafa 70% verið lengur á biðlista en í 3 mánuði.



Mynd 3.4. Hlutfall sem hafði beðið í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en í 12 mánuði

Mjaðmir




Ef skoðuð eru tvö 12 mánaða tímabil, 1.10.2015 – 30.9.2016 og 1.10.2016 – 30.9.2017, má sjá að liðskiptaaðgerðum á mjöðmum fjölgaði úr 715 í 763, eða um 7%. Í tölum um fjölda aðgerða eru bráðaaðgerðir taldar með en þeir sem fóru í bráðaaðgerð eru ekki taldir með á biðlistum.

Mynd 3.5. Fjöldi aðgerða


Gerðar voru 18 liðskiptaaðgerðir á mjöðmum á sl. 12 mánuðum hjá Klíníkinni, Ármúla og miðgildi biðtíma var um 3 vikur.

Á eftirfarandi myndum er fjallað um biðlista á þeim þremur aðgerðastöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu, þ.e. Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.



Mynd 3.6. Heildarfjöldi á biðlista


Í október 2017 voru 413 á biðlista eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm en á sama tíma ári áður var fjöldinn 493. Fækkun á biðlista á sl. 12 mánuðum nemur því 16%.



Mynd 3.7. Fjöldi sem hafði beðið lengur en í 3 mánuði


Þegar skoðuð er þróun á biðtíma eftir liðskiptum á mjöðm sést að fækkun hefur orðið á undanförunum mánuðum í hópi þeirra sem höfðu beðið lengur en í 3 mánuði. Í október 2016 hafði 361 beðið lengur en í 3 mánuði en ári síðar hafði fækkað um þriðjung í þeim hópi, þegar 241 hafði beðið svo lengi.

Fækkað hefur umtalsvert í hópi þeirra sem höfðu beðið lengur en í 12 mánuði eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm. Í febrúar 2016 var fjöldinn 171 eða 31% þeirra sem biðu, en í október 2017 hafði 51 beðið lengur en í 12 mánuði, eða 13% þeirra sem biðu eftir aðgerð. Fyrir ári höfðu 73% þeirra sem biðu beðið lengur en í 3 mánuði en hlutfallið er nú 59%. Þrátt fyrir jákvæða þróun er enn töluvert í land með að bið verði ásættanleg.




Mynd 3.8. Hlutfall sem hafði beðið í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en í 12 mánuði

4. Aðgerðir til brjóstaminnkunar




Á tímabilinu 1.10.2015 – 30.9.2016 voru gerðar 58 aðgerðir til brjóstaminnkunar á þeim aðgerðastöðum sem eru tilgreindir á mynd 4.1. Frá 1.10.2016 - 30.9.2017 voru aðgerðirnar 69. Eins og sjá má á mynd 4.1. voru einungis gerðar 6 slíkar aðgerðir á Sjúkrahúsinu á Akureyri á sl. 12 mánuðum. Í október höfðu 20 einstaklingar beðið eftir slíkri aðgerð á þeirri stofnun lengur en í 3 mánuði.

Mynd 4.1. Fjöldi aðgerða



Mynd 4.2. Fjöldi sem hafði beðið lengur en í 3 mánuði


Í október 2017 voru 82 á biðlista eftir aðgerð til brjóstaminnkunar. Þar af höfðu 68, eða 83%, beðið lengur en í 3 mánuði.



Mynd 4.3. Hlutfall sem hafði beðið í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en í 12 mánuði


Á mynd 4.3 má sjá að 38% þeirra sem voru á biðlista eftir aðgerð til brjóstaminnkunar í október 2017 höfðu beðið lengur en í 12 mánuði. Einungis 17% höfðu verið skemur en í 3 mánuði á biðlista og 32% höfðu beðið skemur en í 6 mánuði. Hér vantar því mikið upp á til að biðtími verði ásættanlegur. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala var miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum 42 vikur en 39 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á síðustu 6 mánuðum.

5. Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna




Á tímabilinu 1.10.2015 – 30.9.2016 voru gerðar 530 aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna á þeim aðgerðastöðum sem sýndir eru á mynd 5.1. Þetta eru t.d. aðgerðir vegna þvagleka og legsigs (aðgerðaflokkar KDSG, LESF og LESG samkvæmt [NSCP flokkun](#)) Frá 1.10.2016 – 30.9.2017 voru aðgerðirnar 438, eða 17% færri en á fyrra tímabilinu. Fækkunin nam 27% á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.

Mynd 5.1. Fjöldi aðgerða



Mynd 5.2. Heildarfjöldi á biðlista


Í október 2017 voru 258 konur á biðlista, heldur færri en fyrir ári þegar 307 konur biðu. Fækkun á biðlista hefur verið mest á Landspítala, þar biðu 186 fyrir ári en 139 nú, eða 25% færri.



Mynd 5.3. Hlutfall sem hafði beðið í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en í 12 mánuði


Í febrúar 2016 höfðu 88 konur sem biðu eftir aðgerð verið á biðlista lengur en í 12 mánuði, eða 40% þeirra sem biðu. Í október 2017 höfðu 48 konur beðið svo lengi, eða 19% þeirra sem voru á biðlista. Þótt ástandið hafi farið batnandi er þörf á að stytta biðtíma verulega, því einungis 33% höfðu verið á biðlista í innan við 3 mánuði og helmingur hafði beðið lengur en í 6 mánuði.

6. Brottnám legs




Á tímabilinu 1.10.2015 – 30.9.2016 voru gerðar 402 aðgerðir á þeim aðgerðastöðum sem eru tilgreindir á mynd 6.1. Frá 1.10.2016 - 30.9.2017 voru aðgerðirnar 413.

Mynd 6.1. Fjöldi aðgerða



Í október 2017 voru 148 konur á biðlista eftir brotnámi á legi. Ári áður voru þær 206. Það hefur því fækkað um 28% á biðlista.


Mynd 6.2. Heildarfjöldi á biðlista



Í október 2017 höfðu 39% þeirra sem biðu beðið skemur en í 3 mánuði eftir brotnámi legs. Biðtími hefur breyst lítið á tímabilinu 13-20% verið búnað að biða lengur en í 9 mánuði á hverjum tímabili.


Mynd 6.3. Hlutfall sem hafði beðið í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en í 12 mánuði

7. Gallsteinaaðgerð




Þegar borin eru saman tvö 12 mánaða tímabil sést að aðgerðir á fyrra tímabilinu voru samtals 750 en fjölgaði í 868 á seinna tímabilinu. Flestar voru aðgerðirnar á Landspítala og þar fjölgaði aðgerðum um 19% á milli tímabila.

Mynd 7.1. Fjöldi aðgerða




Mynd 7.2. Heildarfjöldi á biðlista



Mynd 7.3. Hlutfall sem hafði beið lengur en í 3 mánuði


Í október 2017 voru 120 á biðlista eftir gallsteinaaðgerð, en fjöldinn var 211 fyrir ári. Mikil fækkun hefur orðið á biðlista á Landspítala, þar biðu 176 í febrúar 2016 en 78 nú (mynd 7.2.). Tæpur helmingur þeirra sem beið á tilgreindum aðgerðastöðum (mynd 7.3.) hafði verið á biðlista lengur en í 3 mánuði.

8. Aðgerðir á blöðruhálskirtli



Gerðar voru 103 aðgerðir frá 1.10.2015 - 30.9.2016 en 95 frá 1.10.2016 - 30.9.2017.

Mynd 8.1. Fjöldi aðgerða



Í október 2017 voru 15 karlar á biðlista eftir aðgerð á blöðruhálskirtli. Einn hafði beðið lengur en í 3 mánuði eftir aðgerð. Biðtími eftir aðgerð á blöðruhálskirtli virðist því vera ásættanlegur.

Mynd 8.2. Fjöldi sem hafði beðið lengur en í 3 mánuði